



342 Hóplíftryggingar bankamanna

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Grundvöllur váttryggingarsamnings og orðskýringar.

- 1.1 Líftryggingin er áhættulíftrygging. Þar sem eigi er á annan veg kveðið í skilmálum þessum, gildir gildandi kjarasamningur.
- 1.2 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:
 - a. **félagið**, TM líftryggingar hf.,
 - b. **váttryggingartaki**, sá banki/sparisjóður er gerir samning við félagið um líftryggingu,
 - c. **váttryggður**, sá maður hvers lífs eða heilsu váttryggingin tekur til,
 - d. **líftryggingarsamningur**, sá samningur sem í gildi er milli félagsins og váttryggingartaka um líftrygginguna,
 - e. **líftryggingarfjárhæð**, sú fjárhæð sem greidd er út við váttryggingaratburð.

2. Gildistaka, uppsögn og lok váttryggingar.

- 2.1 Váttryggingin gildir frá þeim tíma sem greindur er í skírteini. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. (grein) 3.2. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.
- 2.2 Váttrygging til skemmri tíma en árs endurnýjast ekki nema sérstaklega hafi verið um það samið.
- 2.3 Vilji váttryggingartaki segja váttryggingunni upp skal uppsögnin vera skrifleg.
- 2.4 Hóplíftrygging einstakra þátttakanda tekur gildi er þeir verða fastráðnir hjá þeirri bankastofnum sem telst váttryggingartaki með þeim takmörkunum, sem greinir í samningi og í grein 4.2.
- 2.5 Hóplíftrygging einstakra þátttakanda fellur úr gildi, er þeir hætta störfum hjá viðkomandi váttryggingartaka.
- 2.6 Aðild að hóplíftryggingunni fellur niður í lok þess tryggingarárs, er þátttakanda nær 65 ára aldri.

3. Iðgjaldið, greiðsla þess og áhrif þess sé það ekki greitt.

- 3.1 Iðgjaldið er ákveðið samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.
- 3.2 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 3.3 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 2. mgr. (málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 3.4 Í upphafi hvers váttryggingarárs skal áætla iðgjald samkvæmt upplýsingum váttryggingartaka um áætlaðan fjölda starfsmanna. Váttryggingartaka er skylt að láta félaginu í té, innan tveggja mánaða frá lokum váttryggingarársins, allar þær upplýsingar, sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar iðgjaldsákvörðunar. Vanræki váttryggingartaki að gefa upplýsingarnar í tæka tíð, má félagið ákveða endanlegt iðgjald eins og það telur sanngjart. Ef hið endanlega iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald það, sem greitt hefur verið, ber váttryggingartaka að greiða mismuninn innan viku frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið, ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan viku frá því að útreikningurinn fór fram. Verði verulegar breytingar innan hópsins á milli gjalddaga (svo sem við sameiningu) skal váttryggingartaki tilkynna það tafarlaust til félagsins.
- 3.5 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 3.6 Krifa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisingi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 3.7 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 3.8 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

4. Líftryggingarfjárhæðir

- 4.1. Líftryggingarfjárhæðir eru samkvæmt fjölskylduhögum sbr. (samanber) samning um trygginguna.
- 4.2 Líftryggingarfjárhæðir þátttakanda, sem eru eldri en 50 ára lækka um 4% af fjárhæðum skv. ofangreindum fjárhæðum fyrir hvert aldursár umfram 50 ár.



342 Hóplíftryggingar bankamanna

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

5. Takmörkun á ábyrgð félagsins.

- 5.1 Svípti váttryggður sig lífi innan eins árs frá því að ábyrgð félagsins hófst síðast er félagið laust úr ábyrgð nema sannað teljist að váttryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga.
- 5.2 Dánarbætur greiðast ekki, ef þátttakandi deyr af völdum slyss og dánarbætur greiðast af samningsbundinni slysatryggingu.

6. Svik og rangar upplýsingar.

- 6.1 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður við gerð váttryggingarsamnings eða við endurnýjun sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingarburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.
- 6.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi eins og nánar greinir í 120. gr. váttryggingarsamningalaga.

7. Greiðsla bóta og vextir.

- 7.1 Krefjast má greiðslu líftryggingarfjárhæðarinnar 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta váttryggingarburðinn og ákveða fjárhæð bóta.
- 7.2 Rétt hafi bóta á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. váttryggingarsamningalaga.

8. Lög um váttryggingarsamninga.

- 8.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.

9. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 9.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum.
- 9.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Tjónanefndar váttryggingarfélaganna og úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.
- 9.3 Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 9.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

10. Framhaldstrygging

- 10.1 Falli váttryggður úr hópnum af öðrum ástæðum en vegna aldurs eða hann hafi orðið fyrir bótaskyldum váttryggingarburði eða verði hóp váttryggingarsamningi slitið hefur hann rétt til að halda váttryggingunni með einstaklingsbundnum iðgjaldaútreikningi og almennum váttryggingarskilmálum félagsins án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar. Skal viðkomandi tilkynnt með fullnægjandi hætti um rétt sinn til að halda váttryggingunni áfram. Vilji hann hagnýta sér réttinn skal hann gera það innan þriggja mánaða eftir að ábyrgð félagsins féll niður.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006

Líftrygging bankamanna

Útdráttur (gr. 7.4.1) úr kjarasamningi samþykktum 08.12.2004:

Starfsmenn skulu njóta hóplíftryggingar skv. samningi SÍB og samninganefndar bankanna. Hóplíftryggingin nær til fastráðinna starfsmanna bankastofnana sem hverju sinni eru á launaskrá viðkomandi bankastofnunar og taka laun eftir kjarasamningi starfsmanna bankanna. Um trygginguna gilda ákvæði samkomulags um hóplíftryggingar dags. 24. september 1982. (Endurnýjuð 18. desember 1990 og síðari viðbót 26. júní 1992.)

Tryggingarfjárhæðir eru hinar sömu og um getur í grein 7.1.2 og skulu endurskoðaðar tvisvar á ári. Bankarnir greiða iðgjald vegna hóplíftryggingar félaga á SÍB.